

Hrafnkell Lárusson

**Ársskýrsla Héraðsskjalasafns
Austfirðinga**

2011



Breiðdalsvík árið 1954. Til vinstri er verslunarhús Kaupfélags Stöðfirðinga í byggingu og við hlið þess má sjá gamla kaupfélagshúsið. Það hefur nú verið endurgert og hýsir jarðfræðisetur Georges Walkers og Stefánsstofu sem helguð er minningu Stefáns Einarssonar prófessors, en hann var frá Höskuldsstöðum í Breiðdal. Myndin kom frá Helga Gíslasyni. Ljósmyndari er óþekktur.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stjórn og aðalfundur.....	4
Starfsfólk og opnunartími.....	5
Rekstur.....	7
Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni.....	8
Sýningar, útgáfustarf o.fl.....	15
Ljósmyndasafn Austurlands.....	17
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar.....	18
Lokaorð.....	19
Skrá yfir afhendingar á árinu 2011	

Forsíðumynd:

Hafís á Borgarfirði eystra, líklega árið 1968.
Myndina tók Hákon Aðalsteinsson.
Þessi mynd á það sammerkt með öðrum sem birtast í þessari skýrslu að hafa verið skönnuð og skráð í ljósmyndaverkefninu sem hófst í Héraðsskjalasafninu á árinu 2011.

Inngangur

Frá árinu 2008 hefur upplýsingum um fjölda gesta í Héraðsskjalasafninu, sem og fjölda erinda og skjalabeiðna, verið safnað með skipulegum hætti.

Á árinu 2011 dreifðust gestir fremur ójafnt á árið, en alls voru gestir 1415 talsins, sem er 230 gestum færri en árið 2010. Alls komu 782 gestir í safnið á fyrri helmingi ársins en 633 á síðari helmingnum. Gestkvæmastur mánaða var mars með 256 gesti en aðeins 64 gestir komu í safnið í desember, litlu fleiri (71 gestur) komu í safnið í maí. Gestir voru færri en 100 fimm mánuði ársins, en sex mánuði voru þeir á bilinu 110 til 150 talsins. Þrátt fyrir fækkun gesta voru erindi sem safninu bárust umtalsvert fleiri á árinu en þau voru árið 2010 (400 árið 2011 en 329 árið 2010). Aukningin í fjölda skjala- og myndbeiðna milli ára var þó enn meiri (voru 372 árið 2011 en 237 árið 2010).

Hafa ber í huga að samkvæmt venju eru utan við gestatalninguna þeir gestir sem sóttu helstu viðburði í Safnahúsinu á árinu sem og þeir sem sóttu myndasýningarnar sem Héraðsskjalasafnið stóð fyrir í nóvember.



Nýbyggt steinhús, svokallað kastalahús, á Hofi í Norðfirði. Seinna var byggt ofan á húsið, en samkvæmt *Sveitum og jörðum í Múlaþingi* er það byggt á árabílinu 1934-1944. Ljósmyndari er óþekktur en myndin kom frá Jónasi Jónassyni frá Kolmúla.

Afhendingar til safnsins hafa líklega aldrei verið fleiri en á þessu ári, en alls voru þær 78 talsins. Af þeim voru 20 myndaafhendingar (sumar þeirra voru jafnframt skjalaafhendingar) og 5 afhendingar á hreyfimynda- og hljóðefni. Aukningu í myndaafhendingum frá árinu 2010 á rekja beint til ljósmyndaverkefnisins.

Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins var haldinn þann 25. nóvember 2011 í fundarsal Íþróttamiðstöðvarinnar á Seyðisfirði. Á þann fund mættu, auk forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins, allir kjörnir aðalmenn í fulltrúaráði safnsins, nema hvað Sigrún Blöndal mætti í stað Ragnildar Rósar Indriðadóttur fyrir hönd Fljótshéraðs.

Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, en auk þeirra var helsta mál fundarins afgreiðsla tillögu að breytingum á stofnsamningi Héraðsskjalasafnsins. Stjórn hafði haft breytingar á stofnsamningnum til meðferðar frá síðasta aðalfundi og höfðu þær breytingartillögur sem lágu fyrir aðalfundinum verið samþykktar í stjórn safnsins. Nokkur umræða varð á aðalfundinum um breytingarnar en svo fór að fyrirbyggjandi tillaga, með fáeinum lagfæringum aðalfundar, var samþykkt með 34 atkvæðum gegn einu. Eftir aðalfundinn var stofnsamningnum vísað til aðildarsveitarfélaga safnsins til staðfestingar. Endurnýjaður stofnsamningur tók síðan gildi 1. janúar 2012. Hann er fylgiskjal með þessari ársskýrslu.

Meðal helstu breytinga í endurnýjuðum stofnsamningi safnsins er að fulltrúaráð Héraðsskjalasafnsins er lagt niður. Þess í stað skulu aðildarsveitarfélög skipa árlega sinn fulltrúa á aðalfund safnsins. Breyting varð einnig á skipan stjórnar sem og á fjölda stjórnarmanna. Þeir eru nú þrír (en voru fimm áður). Framvegis skal á fyrsta aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi eftir reglulegar sveitarstjórnakosningar kjósa stjórn safnsins. Fjarðabyggð skipar einn stjórnarmann og annan til vara, Fljótshérað, Fljótshreppur og Borgarfjarðarhreppur skipa sameiginlega einn stjórnarmann og annan til vara og Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur skipa sameiginlega einn fulltrúa og annan til vara.

Þann 1. janúar 2012 tók við stjórn safnsins sem skipað er með ofangreindum hætti. Stjórnina skipa eftirtaldir:

Fjarðabyggð: Pétur Sörensson (aðalmaður), Gunnlaugur Sverrisson (varamaður).

Fljótshérað, Fljótshreppur og Borgarfjarðarhreppur:

Ragnildur Rós Indriðadóttir (aðalmaður), Sigmar Ingason (varamaður).

Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur:

Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Páll Baldursson (varamaður).

Formaður stjórnar eru Ólafur B. Valgeirsson.

Við lok aðalfundar bauð Ólafur B. Valgeirsson að aðalfundur Héraðsskjalasafnsins árið 2012 verði haldinn á Vopnafirði. Var því boði vel tekið.

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu (6. janúar, 10. mars, 27. apríl, 12. september og 26. október), tveir þessara funda voru símafundir (6. janúar og 12. september).

Fundargerðir þeirra allra sem og aðalfundar fulltrúaráðsins má sjá á vefsíðu safnsins:

www.heraust.is Þar er jafnframt að finna töluvert af eldri fundargerðum.

Starfsfólk og opnunartími

Fastir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins voru sem fyrr þrír á árinu, samtals í 2,75 stöðugildum fram til loka ágúst en í 2,5 stöðugildi eftir það. Hrafnkell Lárusson forstöðumaður var í 100% starfi, Arndís Þorvaldsdóttir í 75% starfi og Guðgeir Ingvarsson í 100% starfi fyrstu átta mánuði ársins en í 75% starfi eftir það. Verkaskipting fastra starfsmanna var áþekkt því sem hún hefur verið undanfarin ár.

Verkefni við skráningu manntala, undir umsjón Þjóðskjalasafns Íslands, lauk í lok janúar en það hafði þá staðið síðan snemma árs 2008. Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir störfuðu við manntalsverkefnið þennan síðasta mánuð þess.

Í febrúar hófst vinna við verkefni við skráningu og skönnun ljósmynda sem Héraðsskjalasafnið stóð að ásamt Héraðsskjalasafni Árnesinga og Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Um tilurð þessa verkefnis og þróun er fjallað nánar síðar í þessari skýrslu (sjá bls. 8-9).



Ábúendur á Guðmundarstöðum í Vopnafirði. Talið frá vinstri: Jóhanna Lúðvíksdóttir bústýra og bræðurnir Stefán og Sighvatur Ásbjarnarsynir. Myndina tók Bragi Dýrfjörð fyrir útgáfu *Sveita og jarða í Múlaþingi* árið 1974.

Í febrúar voru Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir (100% starf), Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir (75% starf) og Heiða Ösp Árnadóttir (40% starf) ráðnar til að starfa við ljósmyndaverkefnið. Ólöf Sæunn lét af störfum um mánaðamótin apríl-maí en við hennar starfi tók Magnhildur Björg Björnsdóttir (75% starf) og starfaði hún að verkefninu ásamt Heiðu og Ingu til loka nóvember.

Í ársbyrjun hóf Jóhanna Hafliðadóttir, forstöðukona Bókasafns Héraðsbúa, störf hjá Héraðsskjalasafninu. Hún starfaði (í 50% starfi) við skráningu skjala fyrir Fljótsdalshérað auk þess að hafa umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins. Það verkefni stóð til ársloka, en það byggði á sérstöku samkomulagi milli Héraðsskjalasafnsins og Fljótsdalshéraðs.

Alls störfuðu átta starfsmenn um lengri eða skemmri tíma hjá Héraðsskjalasafninu á árinu 2011. Auk föstu starfsmannanna þriggja störfuðu alls fjórir starfsmenn við ljósmyndaverkefnið auk eins starfsmanns við skráningu skjala fyrir Fljótisdalshérað. Að jafnaði voru sjö manns starfandi samtímis hjá safninu á þessu ári.

Tveir starfsmannafundir, fastra starfsmanna safnsins, voru haldnir á árinu (í október og desember). Slíkir fundir eru jafnan nýttir til að miðla upplýsingum og skipuleggja verkefni sem eru framundan. Fundurinn í desember var haldinn vegna breytinga á starfsemi safnsins á árinu 2012 vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í rekstri þess.

Safnið var opið alla virka daga ársins. Ekki var ráðið fólk til sumarafleysinga heldur skiptust starfsmenn á að fara í sumarfrí. Formlegur opnunartími safnsins var frá kl. 12:00–18:00 alla virka daga. Safnið er þó í raun jafnan opið frá kl. 8:30 alla virka daga.

Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaganna til reksturs safnsins voru alls 16.236.759,- krónur á árinu, sem er umtalsvert lægri upphæð en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (17.118.450,-). Skýrist það af því að ekkert varð af hækkun framlaga sem stjórn safnsins og forstöðumaður þess höfðu vænst. Önnur rekstrarframlög voru 1.490.667,- sem er tæpum 550 þúsundum lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (2.034.000,-). Skýrist sá munur af því að við fjárlagagerð ársins 2011 skar Alþingi niður um helming framlag ríkisins til héraðsskjalasafna landsins. Styrkir og aðrar tekjur voru 6.656.999,- sem er næstum 5 milljónum hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (1.720.000,-). Þarna kemur til að safnið fékk 5,8 milljónir í tekjur vegna ljósmyndaverkefnisins. Hins vegar gekk mun verr en vonir stóðu til að ná inn skráningarverkefnum og skiluðu þau því tæpri 1 milljón minna í tekjur en gert var ráð fyrir.

Rekstrartekjur voru alls kr. 24.384.425,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 20.872.450,-

Gjaldaliðir rekstrarreikningsins hækkðu líka, raunar umtalsvert meira en tekjurnar. Í rekstrarreikningi ársins eru laun og launatengd gjöld kr. 20.390.948,- sem er rúmum 7,7 milljónum hærra en gert var ráð fyrir (12.674.000,-). Þarna vegur mest til hækkunar launakostnaðar ljósmyndaverkefnisins (sem tekjur komu á móti) en einnig þær kjarasamningsbundnu launahækkningar sem urðu í júní 2011. Rekstur húsnæðis var 1.475.469,- sem er rúmum 100.000,- hærra en áætlun sagði til um (1.360.000,-). Framlög safnsins voru alls krónur 3.440.571,- það er rúmum 40 þúsundum hærri upphæð en í fjárhagsáætlun (3.397.702,-). Annar rekstrarkostnaður var 3.523.966,- sem er næstum 1 milljón hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (2.535.000,-). Í þeim mismun vegur þyngst kostnaður við ljósmyndaverkefnið (530 þúsund) og við kaup á áhöldum og búnaði (250 þúsund), en sú hækkun varð vegna óhjákvæmilegra kaupa á netþjóni. Einnig varð kostnaður við endurskoðunar- og bókhaldsþjónustu hærri (150 þúsund) sem og við rekstur tölvukerfis (125 þúsund). Einstakir liðir voru þó lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, þar munar mest um minni kostnað við leigu á skjalageymslu (155 þúsund).

Aðrar hækkningar skýrast einkum af almennum verðlagshækkunum sem erfitt var að meta fyrirfram. Nokkur hreyfing var því á mörgum kostnaðarliðum frá fjárhagsáætlun.

Afskriftir voru kr. 827.496,-.

Rekstrargjöld voru alls kr. 29.658.450,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 20.794.198,-

Tekjur safnsins eftir fjármagnsliði voru krónur 9.197,- (fjárhagsáætlun sagði 0,-)

Niðurstaða rekstrarreiknings Héraðsskjalasafnsins fyrir árið 2011 er því að tap varð á rekstrinum alls að upphæð 5.264.828,- það er þýðir að afkoman er rúmlega 5,3 milljónum króna verri en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir (78.252,- í hagnað).

Gerð draga fjárhagsáætlunar ársins 2011 var unnin haustið 2010 í samstarfi forstöðumanns og þáverandi formanns stjórnar Héraðsskjalasafnsins og var vinnulag svipað og viðhaft var vegna gerðar fjárhagsáætlunar árána á undan.

Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni

Nokkur breyting varð á ýmsu í starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu 2011 frá árunum á undan. Grunnstarfsemi safnsins var vitaskuld óbreytt enda bundin í lög og reglugerð. Meginbreytingin var fólgin í að manntalsskráningarverkefninu, sem staðið hafði síðan 2008, lauk í byrjun árs og verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda tók við af því.

Safngestir á árinu 2011 voru alls 1415, erindi sem bárust voru 400 og skjala- og myndbeiðnir voru 372.

Manntalsskráningarverkefni lauk

Viðamiklu verkefni við skráningu manntala sem hófst í byrjun árs 2008, og var undir umsjón Þjóðskjalasafns Íslands, lauk í lok janúar. Þessi viðbótarmánuður var eftirhreytur frá árinu á undan, en ljóst var haustið 2010 að ekki yrði frekara framhald á þessu verkefni. Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir og Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir störfuðu að manntalsskráningarverkefninu í Héraðsskjalasafninu þennan síðasta mánuð þess.

Manntölin sem skráð voru í þessu verkefni eru nú aðgengileg almenningi á vefnum www.manntal.is. Þátttaka Héraðsskjalasafnsins í verkefninu var safninu á margan hátt til góðs. Alls sköpuðustu u.þ.b. sex heilsársstörf í safninu á því tímabili sem verkefnið stóð yfir. Sjö manns störfuðu að verkefninu á þessu tímabili, jafnan í 50% starfshlutfalli hver. Starfsmenn árin 2009 og 2010 voru að jafnaði fjórir. Auk þess að skapa störf hafði Héraðsskjalasafnið tekjur af verkefninu í gegnum vinnuframlag forstöðumanns til þess. Vegna þrengsla í húsnæði safnsins var vinnuástaða starfsfólks hins vegar ekki sem skyldi en starfsfólk sýndi því skilning. Á tímum gætti nokkurra samstarfsörðugleika gagnvart yfirmanni verkefnisins hjá Þjóðskjalasafni, þó samstarf við aðra starfsmenn þess væri með ágætum. Ýmislegt í framgöngu yfirmannsins, einkum sífelld tortryggni gagnvart starfsfólki Héraðsskjalasafnsins og tilhneiging til óbilgirni gagnvart því, spilltu verulega fyrir samskiptum hans og forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins.

Verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda

Á haustmánuðum 2010 sóttu Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sameiginlega um styrk til Alþingis til að vinna að skönnun og skráningu ljósmynda í söfnunum og gera þær aðgengilegar fyrir landsmenn. Í söfnunum er varðveitt gríðarlegt magn ljósmynda, jafnt af einstaklingum sem atburðum. Fjárlaganefnd Alþingis veitti söfnunum umbeðinn styrk en hann svaraði til upphæðar fullra atvinnuleysisbóta auk launatengdra gjalda fyrir sex stöðugildi, tvö á hverju safni í eitt ár. Þá nutu söfnin fjárstyrks frá sveitarfélögum sem að söfnunum standa. Í tilfelli Héraðsskjalasafns Austfirðinga kom Fljótsdalshérað að verkefninu og lagði til þess 1.350 þúsund krónur á móti þeim 4,5 milljónum sem komu í hlut safnsins af framlagi ríkisins.

Vinna við verkefnið hófst í janúar með ráðningu starfsfólks og skipulagningu verkefnisins. Í kaflanum „Starfsfólk og opnunartími“ hér fyrir í skýrslunni (sjá bls. 5) er gerð grein fyrir starfsmönnum sem störfuðu að verkefninu. Söfnin gerðu með sér

samstarfssamning í janúar 2011. Þau festu öll kaup á FotoStation hugbúnaði til að skrá ljósmyndasöfnin. Við val á hugbúnaði var leitað í smiðju Þjóðminjasafns Íslands, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Akraness og líka út fyrir landsteinana. FotoStation tryggir utanumhald og leitarbærni í ljósmyndasöfnunum, er einfalt og skilvirkt og þá er hægt að bæta við það vefviðmóti svo hægt sé að birta ljósmyndir á vefnum. Jafnframt var aflað upplýsinga um viðurkennda staðla sem notaðir eru við skráningu ljósmyndasafna, gæði skönnunar og varðveislu myndanna til framtíðar.

Verkefnið hefur gengið mjög vel og hefur það sýnt sig að samstarfsverkefni sem þetta geta skilað miklum árangri. Við upphaf verkefnisins settu söfnin sér þau markmið að hvert og eitt myndi skanna um 20 þúsund myndir á árinu og fullskrá 13 þúsund myndir. Þetta var metnaðarfullt markmið sem er vel umfram þau viðmið sem jafnan er miðað við. En þessi markmið náðust. Í Héraðsskjalasafni Austfirðinga voru á árinu skannaðar tæplega 33 þúsund myndir og rúmlega 19 þúsund voru fullskráðar. Af einstökum söfnum var mynda- og filmusafn Vikublaðsins Austra langstærst, en af öðrum stórum söfnum má nefna myndasöfn Sigurðar Aðalsteinssonar, Önnu Ingólfsdóttur og Guðmundar R. Jóhannssonar. Héraðsskjalasafnið naut þess að fá samvirkusamt og hæft starfsfólk til verkefnisins og er það meginskýringin á að svo vel tókst til.

Rannsóknar- og heimildavinna er í höndum starfsmanna skjalasafnanna. Uppsláttarrit ýmiskonar, héraðsrit, tímarit og dagblöð eru notuð til að staðfesta þær upplýsingar sem koma fram hjá heimildamönnum. Þekking starfsmanna og heimamanna nýtist afar vel, einfaldar vinnuna og gerir skráningu ljósmyndanna ódýrari en ella vegna aukinna afkasta.

Undir lok árs var sótt um framhaldsstyrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Varð niðurstaðan sú að verkefnið fékk kr. 15.000.000,- á fjárlögum ársins 2012, af þeirri fjárhæð kom þriðjungur í hlut Héraðsskjalasafns Austfirðinga.



Gömlum hertrukkum frá Noregi, sem komu með Norrænu, skipað á land á Seyðisfirði árið 1994. Á myndinni eru bílaáhugamennirnir Sigurjón Hannesson, Guðmundur Steingrímsson og Sigurður Jónsson (sem situr undir stýri). Mynd úr safni Vikublaðsins Austra.

Fundir, ráðstefnur og námskeið

Forstöðumaður átti sæti í dómnefnd Íslensku safnaverðlaunanna 2012. Fimm manna dómnefnd var skipuð safnafólkið víðsvegar af landinu og voru samskiptin því mest í síma og tölvupósti. Einn fundur var haldinn síðsumars á Kjarvalsstöðum í Reykjavík.

Í byrjun maí var boðað til fundar starfsfólks austfirskra menningarmínjasafna. Fundurinn var haldinn að Bustarfelli í Vopnafirði og mætti forstöðumaður fyrir hönd Héraðsskjalasafnsins. Gestur fundarins var Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræðum við Háskóla Íslands. Hann flutti erindi og ræddi safnastarf við fundarmenn.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) var haldinn í Skagafirði dagana 5. til 7. október. Arndís Þorvaldsdóttir sótti farskólann fyrir hönd safnsins.

Enginn vorfundur skjalavarða var haldinn þetta árið. Þann 5. desember var hins vegar haldinn í Þjóðskjalasafni fundur forstöðumanna héraðsskjalasafna með sviðstjórum Þjóðskjalasafns og settum þjóðskjalaverði. Helstu tíðindi þess fundar var heimsókn Eiríks Þorlákssonar, sérfræðings í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en hann kynnti fyrir fundarmönnum helstu breytingar sem felast í drögum að frumvarpi til laga um opinber skjalasöfn sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi lög um Þjóðskjalasafn Íslands.

Snemma árs fluttist þáverandi formaður Austfirskrar upplýsingar (félags starfsmanna bókasafna á Austurlandi) búferlum burt úr fjórðungnum. Forstöðumaður tók þá sæti í stjórn félagsins og var um leið fengið það hlutverk að vera starfandi formaður. Stjórn fundaði þrisvar á árinu. Af óviðráðanlegum orsökum féll vorfundur félagsins niður. Haustfundur félagsins var haldinn á Egilsstöðum í lok september. Aðalefni fundarins var námskeið á vegum Landskerfis bókasafna auk aðalfundar félagsins. Á fundinum lét forstöðumaður af tímabundinni formennsku í félaginu og gekk úr stjórn þess.

Forstöðumaður sat áfram í verkefnisstjórn ÞNA á Vopnafirði. Sú stjórn hittist ekki á árinu. Jafnframt var forstöðumaður áfram ráðgjafi stjórnar byggðasöguritsins Múlaþings.

Samstarf héraðsskjalavarða

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi var stofnað í mars árið 2009 og hefur frá stofnun verið helsti vettvangur samstarfs héraðsskjalavarða. Forstöðumaður tók sæti í stjórn félagsins við stofnun þess en lét af stjórnarsetu á aðalfundi félagsins í nóvember. Mikið líf hefur einkennt starf félagsins frá stofnun og var þetta ár engin undantekning. Stjórn fundaði reglulega, en þeir fundir voru jafnan símafundir.

Þann 9. júní stóð félagið fyrir námskeiði í Borgarskjalasafni. Námskeiðið fjallaði um öryggismál í skjalasöfnum. Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs fjölluðu um forvarnir og neyðaráætlanir í skjalasöfnum og Eyþór Víðisson frá VSI fjallaði um varnir og viðbrögð við mismunandi vá. Forstöðumaður tók þátt í námskeiðinu í gegnum síma.

Félagið stóð tvívegis á árinu (fyrst 24. ágúst og svo aftur 12. október) fyrir fræðslufundum um skjalamál grunnskóla. Fundirnir voru sendir út í fjarfundarbúnaði og tengdust þátttakendur á Austurlandi báðum fundum frá húsnæði Þekkingarnets Austurlands á Egilsstöðum. Skólastjórar grunnskóla og skjalastjórar sveitarfélaga voru

hvattir til að mæta á fundina. Alls mættu 11 manns af starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á fundina og bar þeim sem mættu saman um að fundirnir hefðu verið mjög gagnlegir.

Í október hafði stjórn félagsins forgöngu um að héraðsskjalaverðir sendu sameiginleg mótmæli til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna þess að í frumvarpi til fjárlaga ársins 2012 var þeim niðurskurði framlaga ríkisins viðhaldið sem samþykktur var í fjárlögum ársins 2011. Þrátt fyrir andóf héraðsskjalavarða sat ráðuneytið við sinn keip.

Dagana 10. og 11. nóvember var haldin í Reykjavík ráðstefna fyrir starfsfólk héraðsskjalasafna á vegum Félags héraðsskjalavarða á Íslandi. Aðalumfjöllunarefni ráðstefnunnar var skjalavarsla grunnskóla en margt annað var á dagskrá, t.d. aðalfundur félagsins, umræða um skjalavistunarkerfi og staðla og einnig var ljósmyndaverkefnið sem Héraðsskjalasafn Austfirðinga stendur að ásamt systursöfnunum í Árnassýslu og Skagafirði kynnt fyrir ráðstefnugestum. Ráðstefnan var afar vel heppnuð og var við lok hennar ákveðið að halda samsvarandi ráðstefnu á Akureyri að ári.

Safnrými og skjalageymslur

Geymslumálin voru sem fyrr tímafrek í starfi safnsins á þessu ári. Það ánægjulega er hins vegar að árangurinn af hagræðingu í geymslum safnsins síðustu ár er nú orðin greinilegri og safnið er nú í betri aðstöðu en áður að taka við afhendingum.

Á vordögum 2010 létu forsvarsmenn Fljótaldalshéraðs vita af því að fyrir dyrum stæði að sveitarfélagið þyrfti að nýta til annarra þarfa það húsnæði að Lyngási 12 sem Héraðsskjalasafnið hafði nýtt sem fjargeymslu. Í apríl 2010 losnaði skjalageymsla útibús Arion banka á Egilsstöðum. Eftir viðræður við forsvarsmenn bankans tókust samningar um leigu Héraðsskjalasafnsins á þeirri geymslu. Strax í kjölfar þess að gengið var frá samningi við Arion banka hófust flutningar af Lyngási þangað. Þeir flutningar reyndust umfangsmiklir og tímafrekir en með tilliti til fjárhags safnsins og annarra aðstæðna sá forstöðumaður nær alfarið um flutningana sjálfur. Þeim lauk þann 15. mars 2011 og var þá húsnæðinu að Lyngási 12 skilað til Fljótaldalshéraðs.

Um svipað leyti og flutningum af Lyngási lauk fékk forstöðumaður ábendingu um tvo skjalaskápa (hjólaskápa) sem fengjust gefins gegn því að vera sóttir. Sambærilegir skápar eru dýrir í innkaupum og var því hér um að ræða tækifæri sem ekki var hægt að sleppa. Skáparnir voru hjá fyrirtækinu EFLA á Grensásvegi 7 í Reykjavík. Þangað fór forstöðumaður í byrjun apríl og tók skápana niður, í samstarfi við starfsmann EFLA, og bjó þá undir flutning. Með tilkomu þeirra var ljóst að mun betri nýting mun fást á geymslurými í skjalageymslu safnsins í húsnæði þess að Laufskógum 1. Skáparnir komu svo austur síðar í apríl og var þá hafist handa við hagræðingu í geymslunni svo koma mætti þeim fyrir. Í september var annar skápurinn tilbúinn til notkunar, en hann rúmar 52 hillumetra. Uppsetning síðari skápsins (sem er stærri) var látin bíða fram yfir áramót. Skipting safnkosts milli geymslna safnsins er í stuttu máli sú að öll skráð skjöl og allar myndir í vörslu þess eru varðveittar í skjalageymslu í húsnæði safnsins að Laufskógum 1. Þar eru líka smárit, bæklingar og gamlar bækur sem varðveitt eru í öskjum. Í geymslunni sem safnið leigir af Arion banka eru óskráð skjöl og tvítök bóka sem tilheyra safninu. Þar eru einnig geymdar bækur fyrir Bókasafn Héraðsbúa sem ekki rúmast í húsnæði þess.

Samskipti við sveitarfélög, stofnanir og félög

Líkt og verið hefur var á árinu leitast við að halda góðum og reglulegum samskiptum við aðildarsveitarfélög safnsins og leiðbeina þeim eftir föngum við skjalavörslu. Í þessu skyni var viðhaldið þeim sið að heimsækja skrifstofu hvers aðildarsveitarfélags að minnsta kosti einu sinni á ári. Einnig fundaði forstöðumaður með starfsmönnum í stjórnarsýslunni vegna einstakra verkefna við frágang skjala auk fjölda símtala og tölvupósta um þau efni.

Um áramótin 2010-2011 fluttust málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Ein afleiðing þess var að Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Austurlandi, sem staðsett var í Vonarlandi á Egilsstöðum, var lögð niður. Vegna þessara breytinga þurfti Svæðisskrifstofan að skrá og afhenda skjöl. Að beiðni starfsmanna Svæðisskrifstofunnar leiðbeindi forstöðumaður við skráningu skjalanna, en starfmönnunum hafði ekki þótt útskýringar sem þeir höfðu fengið hjá Þjóðskjalasafni vera fullnægjandi. Forstöðumaður sendi sviðstjóra skjalasviðs Þjóðskjalasafns erindi vegna þessa flutnings og benti á að þó Svæðisskrifstofan hafi vissulega verið ríkisstofnun væri starfssvæði hennar hið sama og Héraðsskjalasafnsins. Óskaði forstöðumaður því eftir að skjöl Svæðisskrifstofunnar yrðu afhent Héraðsskjalasafninu. Þeirri beiðni var hafnað og voru skjölin flutt til Reykjavíkur.



Togarinn Port Vale frá Grimsby strandaður á Héraðssandi í október 1974. Myndina tók Hákon Aðalsteinsson.

Í febrúar heimsótti forstöðumaður Breiðdalssetur að ósk forsvarsmanna þess. Tilgangur heimsóknarinnar var að athuga varðveisluskilyrði skjala Georges Walkers sem eru í vörslu setursins. Í kjölfar heimsóknarinnar vann forstöðumaður skýrslu um aðbúnað skjalanna og sendi forsvarsmönnum Breiðdalsseturs.

Í apríl boðaði framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands forstöðumann til fundar með starfsmönnum ÞFA vegna fyrirhugaðs skráningarverkefnis sem félagið vildi setja á laggirnar á Breiðdalsvík og Djúpavogi í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands. Rætt var um mögulega aðkomu Héraðsskjalasafnsins að verkefninu. Forstöðumaður deildi reynslu Héraðsskjalasafnsins af skráningarverkefnum og bauð fram aðstoð. Verkefnið varð að veruleika síðar á árinu en Þjóðskjalasafn afþakkaði aðkomu Héraðsskjalasafnsins að því.

Snemma í júní komu Hrefna Róbertsdóttir sviðstjóri skjalavörsluviðs Þjóðskjalasafns Íslands og Bjarni Þórðarson fjármálastjóri Þjóðskjalasafns í heimsókn í Héraðsskjalasafnið. Þessi heimsókn var liður í ferðum starfsmanna Þjóðskjalasafn út um landið þar sem héraðsskjalasöfn voru heimsótt og rætt við forstöðumenn þeirra. Hrefna og Bjarni ræddu við forstöðumann Héraðsskjalasafnsins um ýmis mál varðandi starfsemi safnsins, einkum það sem spurt var á spurningalista sem sendur var fyrir heimsóknina. Eftir fund fulltrúa Þjóðskjalasafns með forstöðumanni var haldinn fundur þessara aðila með forsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu. Á þann fund mættu fulltrúar Fljótaldshéraðs, Fjarðabyggðar og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Seyðisfjarðarkaupstaður afhenti skjöl á árinu og starfaði Guðgeir Ingvarsson að skráningu þeirra. Um var að ræða mánaðarvinnu fyrir einn mann. Ekki var um að ræða aðrar stórar afhendingar skjala frá afhendingarskyldum aðilum á árinu ef frá eru talin þau skjöl sem skráð voru fyrir Fljótaldshérað samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

Í framhaldi af síðara námskeiði Félags héraðsskjalavarda um skjalavörslu grunnskóla sendi forstöðumaður öllum grunnskólum á starfssvæði safnsins könnun um stöðu skjalavörslu hjá viðkomandi skóla. Svör bárust frá öllum grunnskólunum.

Málefni Safnahússins

Ekki varð nein hreyfing á framtíðaruppbyggingu Safnahússins þetta árið. Þrátt fyrir þrýsting á Fljótaldshérað af hálfu forsvarsmanna safnanna í húsinu um að sveitarfélagið hefði, sem langstærsti einstaki eigandi hússins, forgöngu að því að eignarhald þess verði einfaldað hefur fátt gert í þeim málum. Formlegt bréf þessa efnis var sent bæjarstjóra Fljótaldshéraðs í marsmánuði. Æskilegt er að þessum málum verði hreyft sem fyrst, þó fjárhagur sveitarfélaga sé nú almennt erfiður. Eignarhaldið er viðfangsefni sem nauðsynlegt er að leysa áður en kemur til frekari framkvæmda við Safnahúsið.

Í febrúar var haldinn sameiginlegur fundur allra starfsmanna Safnahússins. Þar voru málefni hússins sjálfs mjög fyrirferðarmikil og komu fram ýmsar ábendingar um hvað betur mætti fara. Einnig kom skýrt fram að starfsmenn Safnahússins eru áhyggjufullir yfir stöðunni og því að viðvarandi leki í húsinu sé að valda skemmdum á því. Á fundi yfirmanna safnanna í Safnahúsinu sem haldinn var í mars voru málefni hússins einnig til umræðu og var þar m.a. rætt um mikilvægi þess að einhverskonar snjógildirur eða fleygar verði settar fyrir ofan báðar útidyrnar á Safnahúsinu, en snjóhrun af þakinu skapar slyshættu og hefur ítrekað legið við að slys yrðu vegna þess.

Um verslunarmannahelgina var Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Egilsstöðum. Mótið þótti takast vel og var almenn ánægja með það. Því lauk með flugeldasýningu á sunnudagskvöldinu. Þeirri sýningu var fundinn skotstaður í Tjarnargarðinum skammt utan við Safnahúsið. Sýningin var mjög öflug og bar sjónarvottum saman um að eldglæringum og rusli hefði rignt yfir Safnahúsið á meðan á sýningu stóð og báru verkumerki í kringum húsið því jafnframt vitni. Formlegri kvörtun var komið á framfæri við UÍA og bæjaryfirvöld vegna þessa og þess að engum í Safnahúsinu var gert viðvart um að fyrirhugað skotstæði svo öflugrar flugeldasýningar yrði í næsta nágrenni við húsið.

Í byrjun september kom fasteignafulltrúi Fljótsdalshéraðs í heimsókn í Safnahúsið að beiðni forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins (fyrir hönd safnanna í húsinu).

Forstöðumaður gerði grein fyrir ástandi mála varðandi leka og loftræstingu í húsinu og óskaði eftir að fasteignafulltrúinn hlutaðist til um að settar yrðu snjógildirur á þakið yfir útidyrum. Einnig var rætt um aðgengismál og almennt viðhald hússins. Skömmu áður hafði uppgötvast rifa á plötu á norðurhlið hússins. Reyndist platan hafa gefið sig vegna fúa og þurfti að framkvæma allnokkra viðgerð á veggnum vegna þessa.

Loftræsti- og hitakerfi hússins þarf sífellt meira viðhald en virkni þess er fjarri því að vera sem skyldi. Erfitt er að stjórna hita- og rakastigi í húsinu og loftgæði eru ekki sem skyldi. Öryggiskerfi hússins þurfti einnig nokkurt viðhald á árinu.

Fyrirkomulag ræstinga í húsinu var með sama hætti og var 2010 eftir að samningi við Veidikofann ehf. var sagt upp.

Ýmislegt

Safnið var samstarfsaðili fyrirtækisins Sagnabrunns ehf. á Seyðisfirði í verkefni við söfnun hljóðupptakna á Austurlandi. Framkvæmdastjóri Sagnabrunns er Rannveig Þórhallsdóttir, fyrrum safnstjóri Minjasafns Austurlands. Markmið verkefnisins er að safna hljóðupptökum á Austurlandi og koma þeim á stafrænt form. Hlutverk Héraðsskjalasafnsins er svo að taka til varðveislu það efni sem mun safnast.

Sýningar, útgáfustarf o.fl.

Samstarf safnanna í Safnahúsinu, varðandi sýningar og viðburði, var gott á þessu ári eins og verið hefur undanfarin ár. Samdráttur í rekstri safnanna er þó farinn að koma niður á þessu starfi þó þau leitist við að sinna því eftir bestu getu. Mikilvægi sýnileika starfsemi Héraðsskjalasafnsins verður seint ofmetið. Stöðugt þarf að halda á lofti starfi safnsins til að viðhalda þekkingu á því í samfélaginu, auka áhuga á því sem safnið varðveitir og þar með á menningararfi svæðisins.

Sýningar, viðburðir og hátíðahöld

Þann 11. mars var opnuð ljósmyndasýning á jarðhæð Safnahússins. Hún innihélt 15 myndir úr söfnum Önnu Ingólfsdóttur og Sigurðar Aðalsteinssonar. Myndirnar eru frá þeim tíma þegar Anna og Sigurður störfuðu sem fréttaritarar Morgunblaðsins á Austurlandi. Sama dag opnaði á vefsíðu Héraðsskjalasafnsins sýning á myndum úr safni Sigurðar Blöndal. Myndasöfn þessara þriggja einstaklinga höfðu í byrjun árs verið tekin til skönnunar og skráningar sem hluti yfirstandandi ljósmyndaverkefni safnsins. Í júlí var svo 11 myndum bætt við þessa sýningu.

Framlag Héraðsskjalasafnsins til bæjarhátíðarinnar Ormsteitis þetta árið var sýningin *Skyggst til baka* sem sett var inn á vef safnsins við upphaf Ormsteitis. Nánar er fjallað um hana í kaflanum um Ljósmyndasafnið. Framlag Héraðsskjalasafnsins til Daga myrkurs var myndasýning (í power point-formi) undir yfirskriftinni *Þekkir þú myndina?* Markmiðið með sýningunni var tvíþætt, annars vegar að vekja áhuga á myndefni í vörslu safnsins og að safna upplýsingum um myndir sem upplýsingar skorti um. Arndís Þorvaldsdóttir og Magnhildur B. Björnsdóttir höfðu veg og vanda af þessari sýningu, en hátt í 100 manns mættu. Síðar í nóvembermánuði fór Arndís með samsvarandi myndasýningu til Félags eldri borgara á Héraði og mættu um 60 manns á þá sýningu.

Í marsmánuði vann forstöðumaður að umsókn um styrk frá Menningarráði Austurlands vegna ferðar um starfssvæði safnsins með sýningar á myndefni í vörslu þess (bæði ljósmyndum og hreyfimyndum). Við úthlutun styrkja í apríl hlaut Héraðsskjalasafnið 200.000,- króna styrk til ferðarinnar. Í september og október unnu Arndís og Hrafnkell að gerð sýninganna en ákveðið var að heimsækja fjóra staði með sýningar sem væru sérsniðnar að hverjum og einum og byggðu á ljósmyndum og hreyfimyndum frá viðkomandi stað. Form allra sýninganna var hið sama. Þær hófust á stuttri kynningu forstöðumanns á starfsemi Héraðsskjalasafnsins, að henni lokinni sýndi Arndís ljósmyndir á tjaldi og voru ferðirnar m.a. nýttar til að afla upplýsinga meðal gesta um óþekktar myndir. Síðast á dagskrá hverrar sýningar voru svo myndbrot úr safni Austfirska sjónvarpsfélagsins, sem yfirfærð voru á DVD-form árið 2010. Hrafnkell hafði umsjón með þessum lið sýninganna. Í nóvember var svo haldið í sýningarferðirnar. Þeir staðir sem voru heimsóttir voru Fáskrúðsfjörður, Seyðisfjörður, Djúpvogur og Vopnafjörður. Á öllum stöðunum var vel mætt (á bilinu 40-60 gestir á hverri sýningu).

Allsstaðar fengust upplýsingar um myndir og virtist almenn ánægja vera með þetta framtak meðal heimamanna.

Árleg Bókavaka Safnahússins var haldin á fullveldisdaginn 1. desember. Sem fyrr var áherslan lögð á austfirsku útgáfu en yfirskrift Bókavökunnar hefur jafnan verið „Austfirsk útgáfa í öndvegi“. Fimm höfundar komu og lásu úr verkum sínum, en aðrar austfirskar bækur sem komu út á árinu hlutu einnig kynningu. Kynnir á bókavökunni var Arndís Þorvaldsdóttir. Alls mættu 55 manns á þennan viðburð.

Af öðru má nefna að safnið lagði til myndefni fyrir sýninguna Griffur og glansefni sem sett var upp í Sláturhúsinu á Egilsstöðum í marsmánuði. Á sama stað opnaði svo í júní sýning á vegum Minjasafns Austurlands sem tileinkuð var starfsemi Kaupfélags Héraðsbúa og kom starfsfólk Héraðsskjalasafnsins að undirbúningi þeirra sýningar. Héraðsskjalasafnið átti sömuleiðis aðkomu að sýningu sem Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands stóð að í tengslum við Unglingalandsmótið sem haldið var á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Einnig var samantekt úr myndefni frá Austfirsku sjónvarpsfélaginu, sem Heiður Ósk Helgadóttir sýndi á Ormsteiti 2010, látin rúlla á skjá við andyri Minjasafnsins. Var það hluti af sumarsýningu Minjasafnsins.

Útgáfustarf og kynning

Jólaort ársins 2011 var helgað Indriða Gíslasyni frá Skógargerði í Fellum, en hann lést 15. mars 2009. Indriði nam íslensk fræði við Háskóla Íslands 1948-1956 og helgaði sig síðan íslenskukennslu og rannsóknum. Meginhluta starfsævi sinnar varði hann við Kennaraháskóla Íslands og forvera þess skóla. Indriði var afkastamikill rithöfundur og fræðimaður og nutu áttahagar hans hér eystra góðs af því. Hann var velunnari Héraðsskjalasafnsins og stundaði á tíðum rannsóknir sínar þar. Það var Guðgeir Ingvarsson sem ritaði æviágrip Indriða sem birtist í kortinu. Upplag kortsins var 285 stk.

Forstöðumaður ritaði pistil í hefti byggðasöguritsins Múlaþings sem kom út á árinu. Þar greindi hann frá yfirfærslu hljóð- og myndefnis í vörslu safnsins yfir á stafrænt form (DVD) og bættu aðgengi að slíku efni í safninu, en greint var frá vinnu við þessa yfirfærslu í ársskýrslum árána 2009 og 2010.

Á haustmánuðum 2010 komst á sú venja að Héraðsskjalasafnið sendi reglulega pistla í Bóndavörðuna, staðarblað Djúpavogshrepps. Þeirri venju var viðhaldið á þessu ári og voru sumir pistlarnir jafnframt nýttir til birtingar á vefsíðu safnsins.

Í byrjun maí var ný uppfærsla af einkaskjalaskrá safnsins sett inn á vefsíðu þess, en eldri skrá var sett á vefinn árið 2008. Einkaskjalaskrárnar hafa vakið athygli fræðimanna og almennings, bæði hér heima fyrir en ekki síður utan starfssvæðis safnsins, og hefur safnið fengið lof fyrir. Sem fyrr er leitast við að nota vefsíðuna til að miðla upplýsingum um starfseminu og birta ljósmyndasýningar. Það verður þó að viðurkennast að meiri kraft þyrfti að setja í vefsíðuna og jafnframt er orðið tímabært að uppfæra viðmót hennar.

Í marsmánuði voru merkingar við inngang safnsins bætтар. Þá var límt á innganginn að safninu skilti með heiti safnsins og merki þess auk upplýsinga um opnunartíma. Texti skiltisins er bæði á íslensku og ensku.

Ljósmyndasafn Austurlands

Grunnstarfsemi Ljósmyndasafnsins var með hefðbundnu sniði á árinu og voru móttaka og skráning ljósmynda og afgreiðsla myndbeiðna sem fyrir meginþættir starfsins, en því sinnti Arndís Þorvaldsdóttir að vanda. Verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda, sem hófst í upphafi árs (og frá er greint fyrir í skýrslunni, sjá bls. 8-9) er hins vegar mikil viðbót við starf Ljósmyndasafnsins við skráningu og varðveislu mynda. Hefur sú vinna nú þegar haft mikil áhrif á meðferð safnkost og opnað fyrir möguleika á frekari miðlun safnkostsins í framtíðinni.

Ljósmyndasafnið var sem fyrir áberandi á vefsíðu Héraðsskjalasafnsins. Fjórar myndasýningar birtust á vefnum á árinu, hver með um 20-30 myndum ásamt textum.

Fyrsta sýning ársins birtist í mars og nefndist hún *Ljósmyndir Sigurðar Blöndal*. Þessi sýning innihélt 20 myndir úr safni Sigurðar, en þær höfðu þá nýlega verið teknar til skönnunar og skráningar sem hluti ljósmyndaverkefnisins. Efni myndanna er fjölbreytt en þar gefur m.a. að líta myndir frá Héraðsvökum og úr starfi Skógræktar ríkisins. Flestar eru myndirnar teknar á Fljótshéraði og er meginhluti þeirra tekin á 8. áratug 20. aldar.

Síðla júnímánaðar birtist önnur vefsýning ársins. Hún nefndist *Horft í linsur Kadettsins og Konna*. Efni sýningarinnar var sótt til tveggja áhugaljósmyndara, þeirra Guðmundar R. Jóhannssonar og Hákonar Aðalsteinssonar, en myndasöfn þeirra höfðu þá verið skönnuð og skráð sem hluti ljósmyndaverkefnisins. Guðmundur var starfsmaður Kaupfélags Héraðsbúa á árunum 1960-1963 og gekk þá undir nafninu Guðmundur Kadett. Hann tók á þessu tímabili mikinn fjölda ljósmynda. Sýna margar þeirra samstarfsmenn og félagi í leik og starfi en aðrar eru teknar á ferðalögum um Austurland. Myndir Hákonar eru teknar á árabílinu 1965-1975. Hákon var um skeið fréttaritari Morgunblaðsins og fangaði því mörg söguleg augnablik á filmu.

Þriðja sýning ársins birtist á vefnum í ágústmánuði og var hún framlag Héraðsskjalasafnsins til Ormsteitis. Sú sýning nefndist *Skyggst til baka* og innheldur hún fjölbreyttar myndir eftir marga ljósmyndara. Myndirnar eru teknar víða á Austurlandi á 25 ára tímabili, þ.e. frá 1986-2001 og veita þær innsýn í mannlíf og framkvæmdir. Flestar koma myndirnar úr ljósmyndasafni Víkublaðsins Austra, en það telur þúsundir mynda. Einnig var leitað fanga í myndasöfnum Gunnsteins Stefánssonar frá Ekru og Huldu Jónsdóttur frá Freyshólum, en þau söfn eru varðveitt í Ljósmyndasafni Austurlands. Gunnsteinn tók töluvert af myndum í starfi sínu sem vatnamælingamaður, en Hulda var áhugaljósmyndari og tók m.a. myndir af flestum kirkjum landsins.

Fjórða og síðasta sýning ársins var jólasýning sem helguð var gömlum póstkortum, en töluvert af þeim er varðveitt í Ljósmyndasafni Austurlands. Valin voru til sýningar póstkort frá fyrstu áratugum 20. aldar og eru þau öll, nema eitt, af erlendum uppruna.

Arndís Þorvaldsdóttir hafði sem fyrir veg og vanda af gerð allra sýninganna og ritun myndatexta, en við val á myndum naut Arndís aðstoðar starfsfólks ljósmyndaverkefnisins. Að venju sá forstöðumaður um frágang myndanna í umsjónarkerfi vefsins.

Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Eftir óvenju viðburðaríkt ár í starfsemi Bókasafnsins árið 2010 var árið 2011 mun rólegra og hefðbundnara. Þeim átökum sem verið höfðu um framtíð Bókasafnsins á árinu 2010 lauk með gerð aðalfundarsamþykktar um stöðu Bókasafnsins innan Héraðsskjalasafnsins sem kom í stað fyrri reglugetninga um Bókasafnið. Hlaut sú afgreiðsla málsins yfirgnæfandi samþykki á aðalfundi safnsins í nóvember 2010. Áðurnefnd aðalfundarsamþykkt varð síðan grunnurinn að breyttri í umgjörð Bókasafnsins í endurskoðuðum stofnsamningi Héraðsskjalasafnsins sem samþykktur var á aðalfundi þess í nóvember 2011. Í þeirri niðurstöðu felst m.a. að til viðhalds Bókasafnsins eru því tryggð prósentutengdur hluti af framlögum aðildarsveitarfélaga Héraðsskjalasafnsins. Safnið skal jafnframt vera kennt við gefendur upphaflegu bókagjafarinnar sem það byggir á. Sérstök stjórn Bókasafnsins er hins vegar aflögð.

Áfram var haldið að skrá upplýsingar um fjölda gesta sem koma í safnið og nýta safnkost Bókasafnsins. Varð niðurstaða þeirrar talningar sú að á árinu nýttu 474 gestir sér Bókasafnið, en gestafjöldi ársins var 1415. Alls varði forstöðumaður 139 vinnustundum í umsjón og umhirðu Bókasafnsins á árinu.

Líkt og undanfarin ár miðast innkaup Bókasafnsins fyrst og fremst við kaup á fræðilegu efni og austfirskri útgáfu. Meðal einstakra innkaupa ársins má nefna að nokkuð á annan tug bóka í safnafræðum voru keyptar til Bókasafnsins og er það von skýrsluhöfundar að tilkoma þeirra gagnist safnafólki á svæðinu í sínum störfum.

Alls voru Bókasafninu gefnar 13 bækur á árinu og komu þær frá sex einstaklingum. Safninu var gefið allmikið af tímaritum á árinu, alls 151 hefti.

Lokaorð

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins tók nokkrum breytingum á árinu 2011. Þar vegur þyngst samstarfsverkefni þriggja héraðsskjalasafna um skönnun og skráningu ljósmynda en það hefur blásið nýju lífi í starfsemina og stuðlað að meiri sýnileika hennar á starfssvæði safnsins. Mikið af áhugaverðu myndefni er nú þegar í safnkosti Ljósmyndasafnsins og stöðugt bætist við. Þó áherslan á þessu ári hafi verið á skönnun og skráningu er stefnan sú að byggja á næstu árum upp ljósmyndavef á Netinu. Slíkur vefur mun bæta mjög aðgengi almennings að myndefni úr austfirsku mannlífi og halda nafni Héraðsskjalasafnsins á lofti.

Mikil vinna fór á árinu í endurskoðun stofnsamnings safnsins, en aðalfundur árið 2010 samþykkti að beina því til stjórnar að hefja þá endurskoðun. Forstöðumaður vann frumdrög að breytingum á fyrstu mánuðum ársins, en einnig var kallað eftir tillögum og ábendingum fulltrúaráðsmanna. Drög að breyttum stofnsamningi voru svo lögð fyrir stjórnarfund í apríl. Á þeim fundi og í framhaldi af honum var unnið frekar með breytingartillögum við stofnsamninginn. Lokaumræða stjórnar um þetta efni var svo á stjórnarfundum í október þar sem samþykkt var tillaga að endurnýjuðum stofnsamningi sem vísað var til aðalfundar safnsins í nóvember. Veigamestu breytingarnar frá fyrri stofnsamningi varða stofnanalega umgjörð safnsins, einkum skipan í stjórn þess og skipan fulltrúa á aðalfund. Fulltrúaráð Héraðsskjalasafnsins er lagt niður. Einnig var umgjörð Bókasafns Halldórs og Önnu gerð skýrari í samræmi við samþykkt aðalfundar 2010. Skerpt var á ýmsum atriðum frá eldri stofnsamningi og bætt við vísunum í þau lög sem starfsemi Héraðsskjalasafnsins byggir á. Hér var um að ræða löngu tímabæra heildarendurskoðun stofnsamningsins.

Ekki er hægt að láta hér við sitja án þess að víkja að geymslu- og húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins. Stór skref voru stigin í geymslumálunum á árinu og er óhætt að fullyrða að aðbúnaður safnkostsins hafi batnað til muna sem og aðgengi starfsfólks að honum. Enn er þó töluvert óunnið í þessum efnum. Safnið er eftir sem áður í brýnni þörf fyrir aukið húsrými og meira rekstrarfé eigi það að halda úti samsvarandi starfsemi á komandi árum og gert hefur verið undanfarin ár. Sem fyrr torvelda þrengsli í húsnæði safnsins því að það geti tekið að sér frekari verkefni sem krefjast myndu fjölgunar starfsfólks. Ástandið á Safnahúsinu sjálfu er sífellt meira áhyggjuefni. Skortur á viðhaldi, viðvarandi leki, úrsérgengið loftræsti- og hitakerfi, takmarkanir á aðgengi og nauðsyn á bættri vinnuástöðu starfsfólks eru meðal helstu áhyggjuefna í því sambandi. Því miður er þó ekki í sjónmáli að bót verði ráðin á þessum málum.

*Hrafnkell Lárusson
forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga*